

## **Skólaráð Naustaskóla**

7. fundur ársins 2014 - þann 11. júní 2014

### **Mættir:**

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Gísli Rúnar Magnússon, Vaka Óttarsdóttir, Áshildur Hlín Valtýsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Halla Jóhannesdóttir, Guðrún Huld Gunnarsdóttir og Aníta Jónsdóttir.

### **Dagskrá og afgreiðslur:**

1. **Starfsmannamál (ráðningar og niðurröðun).** Skólastjóri upplýsti að frá síðasta fundi hefur verið tekin ákvörðun um ráðningu Anítu Jónsdóttur í stöðu námsráðgjafa / verkefnisstjóra og Huldu Davíðsdóttur í stöðu þroskaþjálfara við skólann. Eftir er að ráða stuðningsfulltrúa og skólaliða en að öðru leyti er uppstilling fyrir næsta vetur klár.
2. **Ársskýrsla.** Teymi eru þessa dagana að skila sínum skýrslum og í framhaldinu munu stjórnendur taka saman ársskýrslu þar sem að venju verður leitast við að leggja mat á skólastarfið og leggja línurnar fyrir framhaldið. Ársskýrslan verður send skólaráðsfulltrúum til yfirlestrar seint í júní. Á fundinum var rýnt í nokkrar niðurstöður úr starfsmannakönnun Skólapúlsins en þær má nálgast á heimasíðu skólans.
3. **Starfsáætlun 2014-2015.** Drög að starfsáætlun næsta skólaárs verða tekin fyrir á fyrsta fundi skólaráðs í ágúst.

Fleira ekki tekið fyrir, næsti fundur áætlaður miðvikudaginn 13. ágúst kl. 8:10.

Ágúst ritaði fundargerð.